

Ed.

969. L Ö G

um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 15. september.)

1. gr.

Við háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði, bundið við nafn dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar.

2. gr.

Auk háskólakenslunnar skal honum skylt að hafa á hendi vísindarannsókn á vinnubrögðum í landinu og tilraunir til umbóta á þeim.

3. gr.

Hafa skal hann að öðru leyti sömu skyldur og rjettindi sem »prófessorar« háskólans.